

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. nóvember 2024
Málsnúmer: 202410-0069
BK/LA

Efni: Ferðapjónusta við Holtsós undir Eyjafjöllum - Matsáætlun

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 31. október 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun vegna uppbyggingar ferðapjónustu við Holtsós undir Eyjafjöllum í Rangárþingi eystra. Steinar Resort ehf., landeigandi Steina 1 og Hvassafells 2, áformar uppbyggingu 200 herbergja hótels við Þjóðveg, 120 herbergja hótels með baðlóni og 200 smáhýsa. Einnig er gert ráð fyrir fastri búsetu starfsmanna með 48 starfsmannaíbúðum ásamt fjölorkustöð með verslunar- og þjónusturými við Þjóðveginn.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Fram kemur að áætlað er að umhverfismatsskýrsla verði send Skipulagsstofnun í lok árs 2024 og að álit Skipulagsstofnunar geti legið fyrir á vormánuðum 2025. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist síðla árs 2025 eða á vormánuðum 2026.

Náttúrufræðistofnun bendir á að ekki hafa enn farið fram athuganir á fuglum á fartíma að vori né með fullnægjandi hætti á varptíma en þegar liðið er á sumarið getur varp hafa misfarist hjá mörgum mófuglum og þeir yfirgefið svæðið. Því er nauðsynlegt að meta varppétteleika þeirra fyrir, þ.e. í júní (þó ekki mikið síðar en 20. júní). Umhverfismatsskýrsla þarf að gera grein fyrir fuglalífi á þessum tímum árs og þar af leiðandi gengur ofangreind áætlun ekki upp hvað varðar skil á skýrslunni.

Gert er ráð fyrir að Holtsós og svæðið austan hans verði talið 15 sinnum fram að vori 2025. Stofnunin bendir á að athuganir á fuglalífi þurfa að fela í sér nokkrar talningar að kvöldlagi á haustmánuðum til að kanna fjölda fugla sem náttá sig á ósnum. Við mat á áhrifum framkvæmdar á fuglalíf þarf einnig að horfa til jaðaráhrifa mannvirkja á þétteleika mófugla.¹ Þá ætti að nýta staðsetningargögn sem til eru um ferðir fugla (sjá [movebank](#)) en t.d. hefur töluverður fjöldi gæsa fengið senditæki á undanförunum árum.

Að lokum er nauðsynlegt að skoða samlegðaráhrif við aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir í nágrenninu með tilliti til fuglalífs en rannsóknir á Suðurlandi benda til þess að mófuglum sé að fækka í landshlutanum² en margar þessara tegunda eru ábyrgðartegundir Íslands vegna þess hve stór hluti Evrópustofna þeirra verpur á Íslandi.

¹ Pálsdóttir, A. E., Alves, J. A., Gill, J. A., Pálsson, S., Méndez, V. & Gunnarsson, T. G. 2024. Introduction of summer houses into semi-natural habitats: impacts on ground-nesting birds. Animal Conservation. <https://doi.org/10.1111/acv.12938>

² <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

Í umhverfismatsskýrslu verður aðalvalkostur borinn saman við valkost 2 og núllkost. Valkostur 2 felur í sér að þau 18 smáhýsi sem standa næst ósnum færast og verða í 200 metra fjarlægð frá ósinum. Heildarfjöldi smáhýsa er sá sami. Núllkostur felur í sér að ekki verði farið í fyrirhugaða framkvæmd.

Náttúrufræðistofnun telur að gagnlegt væri að skoða fleiri valkosti sem myndu fela í sér minna umfang, t.d. þar sem uppbygging takmarkast við austurhluta svæðisins en slíkur valkostur myndi hafa í för með sér umtalsvert minna uppbrot og tap á búsvæðum fugla, sem og líklega minni truflun fyrir fugla sem nýta ósinn. Þá ber austurhlutinn meiri merki framræslu og landbúnaðar á meðan svæðið nær ósnum virðist votlendara.

Í matsáætluninni segir að finna megi votlendi innan framkvæmdarsvæðis en þó ekki yfir 20.000 m² svo það fellur ekki undir sérstaka vernd.

Líkt og fram hefur komið í fyrri umsögnum Náttúrufræðistofnunar um framkvæmdina, benda loftmyndir til þess að votlendi innan svæðisins gæti verið vanmetið í vistgerðakortasjá stofnunarinnar og því ekki hægt að útiloka að votlendi af þessari stærðargráðu sé að finna innan svæðisins fyrr en umhverfismatsskýrsla liggur fyrir. Mikilvægt er því að kortleggja vistgerðir innan svæðisins af meiri nákvæmni og forðast rask og uppbrot á votlendi.

Það er rétt að jarðminjar eru ekki fjölskrúðugar við Holtsós en svæðið einkennist að mestu af jökulhlaupsseti, sjávarseti og fokseti myndað á nútíma. Ekki er útilokað að forn sjávarsetbotn liggi undir sandinum en ekki hafa fundist neinar skeljar eða steingervingar á svæðinu en það getur tengst skorti á rannsóknum. Steingervingar njóta verndar samkvæmt 60. gr. náttúruverndarlaga um steindir og steingervinga. Ef steingervingar finnast við framkvæmdir ber að hafa samband við Náttúrufræðistofnun.

Í umhverfismatið vantar alla umfjöllun um náttúruvá. Það er t.d. ekki útilokað að jökulhlaup vegna eldgoss í Eyjafjallajökli nái að Holtsósi. Í nágrenni framkvæmdasvæðis eru tvær miklar eldstöðvar¹ og því þörf á að gera grein fyrir áhættumati vegna eldgosa sem og vegna sjávarflóðs en svæðið er opið fyrir sjávarágangi.

Þá er full þörf á því að gera betur grein fyrir vatnsþörf og áhrifum vatnstökunnar á grunnvatn auk þess sem fram þarf að koma hvaðan rafmagnið fyrir starfsemina verður sótt en áætluð raforkuþörf er 400-415 kW.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

¹ Magnús Tumi Guðmundsson, Jónas Elíasson, Guðrún Larsen, Ágúst Gunnar Gylfason, Páll Einarsson, Tómas Jóhannesson, Kristín Martha Hákonardóttir og Helgi Torfason 2005. I. Yfirlit um hættu vegna eldgosa og hlaupa frá vesturhluta Mýrdalsjökuls og Eyjafjallajökli Í bókinni: Hættumat vegna eldgosa og hlaupa frá vestanverðum Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli. Ritsj. Magnús Tumi Guðmundsson og Ágúst Gunnar Gylfason. Ríkislögreglustjórnin, Háskólaútgáfan.

